



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 37/2014

## **Notkun á heitinu „Keflavík Airport Car Rental“**

### **I.**

#### **Erindið**

##### **1.**

Þann 30. janúar 2013, barst Neytendastofu erindi Isavia ohf. þar sem fyrirtækið kvartaði yfir notkun Húsbílaleigunnar ehf. á heitinu „Keflavík Airport Car Rental“. Taldi Isavia notkunina brjóta gegn vörumerkjaréttindum sínum auk þess að fela í sér óréttmæta viðskiptahætti.

Þann 31. október 2012, hafi Isavia sent Húsbílaleigunni bréf þar sem þess var krafist að félagið myndi láta af notkun á umræddu heiti þar sem notkunin fæli í sér brot gegn betri rétti Isavia. Því bréfi hafi verið svarað þann 27. nóvember 2012, þar sem öllum kröfum Isavia hafi verið hafnað. Í kjölfar bréfaskrifta þessara hafi átt sér stað samskipti milli lögmanna aðila. Þar sem það virtist liggja fyrir að Húsbílaleigan myndi ekki verða við körfum Isavia sjái félagið sér ekki annað fært en að bera fram kvörtun til Neytendastofu og gera þær kröfur að Neytendastofa banni Húsbílaleigunni notkun á umræddu heiti.

Isavia reki Keflavíkurflugvöll. Á ensku sé vísað til flugvallarins sem „Keflavík Airport“ eða „Keflavík International Airport“. Isavia hafi orðið til við sameiningu Keflavíkurflugvallar ohf. og Flugstoða ohf. þann 1. maí 2010, en öll réttindi og skyldur þeirra félaga hafi færst yfir til Isavia við sameininguna og stofnun félagsins. Isavia byggir á því að félagið eigi vörumerkjarétt að heitunum „Keflavíkurflugvöllur“, „Keflavík Airport“ og „Keflavík International Airport“, bæði á grundvelli notkunar sem og á grundvelli skráningar hjá Einkaleyfastofunni, sbr. 4. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki.

Keflavíkurflugvöllur hafi verið starfandi síðan 23. mars 1943 og í tugi ára hafi flugvöllurinn verið rekinn undir heitinu „Keflavíkurflugvöllur“ eða „Keflavík Airport“. Þá eigi Isavia skráð orðmerkið KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT, sbr. skráningu 647 frá 1. október 2009 sem fylgdi með erindinu. Skráning þessi nái til þjónustuflokka 35, 39 og 45. Á vefsíðu

Einkaleyfastofunnar megi sjá skýringar á einstökum vöru- og þjónustuflokkum, þ.á.m. umræddum þjónustuflokkum. Eins og þar megi sjá falli bílaleiga undir þjónustuflokk 39.

Þá verði auk þess að telja að vörumerkin KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR, KEFLAVÍK AIRPORT og KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT séu vel þekkt vörumerki og af þeim sökum njóti þau verndar á grundvelli 2. mgr. 4. gr. vörumerkjálaga. Það megi fullyrða að nánast sérhver Íslendingur þekki þessi vörumerki auk þess sem vörumerkin séu mjög vel þekkt erlendis.

Í áðurnefndu bréfi Húsbílaleigunnar hafi verið viðurkennt að „Keflavíkflugvöllur“ og „Keflavík Airport“ væru vel þekkt en vísað hafi verið til þess að heitin væru þekkt sem flugvöllur eða landssvæði, ekki sem vörumerki. Vörumerki séu sérhver skráningarhæf auðkenni, þau er hafi sérkenni. Einkaleyfastofan hafi þegar staðfest að vörumerki Isavia njóti sérkennis. Ekki séu takmarkanir á því hvers konar þjónustu eða vöru vörumerki geti auðkennt. Sú staðreynd að vörumerkin KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR, KEFLAVÍK AIRPORT og KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT auðkenni flugvöll og flugvallarstarfsemi Isavia breyti því ekki að um vel þekkt vörumerki sé að ræða. Þá beri auk þess að nefna að Isavia eigi skráð lénin keflavikairport.is og kefairport.is.

Haustið 2012 hafi Isavia fengið upplýsingar þess efnis að rekin væri bílaleiga undir heitinu „Keflavík Airport Car Rental“. Hafi þessi vitneskja komið til af því að Isavia hafi ítrekað borist fyrirspurnir í tengslum við umrædda bílaleigu þar sem neytendur hafi talið Isavia standa að baki bílaleigunni. Við frekari skoðun hafi komið í ljós að Húsbílaleigan ræki umrædda bílaleigu og hafi jafnframt haldið úti vefsíðunni keflavikairportcarrental.is. Forsvarsmáður Húsbílaleigunnar sé jafnframt skráður fyrir léninu.

Ekki liggi nákvæmlega fyrir hvenær Húsbílaleigan hafi hafið notkun á heitinu „Keflavík Airport Car Rental“ eða léninu keflavikairportcarrental.is. Isavia hafi hins vegar ekki orðið vart við notkunina fyrr en haustið 2012, líkt og áður kom fram. Um leið og Isavia hafi orðið vart við umrædda notkun hafi verið haft samband við forsvarsmann Húsbílaleigunnar.

Telja verði að notkun Húsbílaleigunnar á heitinu „Keflavík Airport Car Rental“ í starfsemi sinni og notkun á vefsíðunni keflavikairportcarrental.is feli í sér brot gegn vörumerkjarétti Isavia sem og 5. og 15. gr. a laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í vörumerkjarétti felist að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem sé eins eða líkt vörumerki hans ef notkunin tekur til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nái til og hætt sé við ruglingi, þar með að tengsl séu með merkjunum.

Sem áður segi eigi Isavia skráð vörumerki fyrir heitinu KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT. KEFLAVÍK AIRPORT sé stytting á því heiti og verði því að telja það jafnframt njóta verndar umræddrar skráningar auk þess sem heitið njóti verndar á grundvelli áralangrar notkunar.

Sérkennandi hluti „Keflavík Airport Car Rental“ sé „Keflavík Airport“, enda vísi seinni liðurinn einungis til þeirrar þjónustu sem Húsbílaleigan bjóði viðskiptavinum sínum. Það verði því að teljast augljóst að veruleg líking sé á milli vörumerkja Isavia, bæði KEFLAVÍK AIRPORT og KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT, og heitisins „Keflavík Airport Car Rental“.

Isavia og Húsbílaleigan reki bæði flutningstengda þjónustu, annars vegar þjónustu tengda flugvallarrekstri og hins vegar þjónustu við útleigu bíla. Þá sé vörumerki Isavia, KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT, skráð í flokk 39 en þar undir falli bílaleiga. Vegna líkinda merkjanna, þeirrar þjónustu sem aðilar bjóði og markaðssvæðis þjónustunnar verði að telja að veruleg hætta á ruglingi sé til staðar. Þannig sé veruleg hætta á því að neytendur telji að tengsl séu á milli Isavia og bílaleigu þeirri sem rekin sé undir heitinu „Keflavík Airport Car Rental“.

Með vísan í ofangreint verði að telja að notkun Húsbílaleigunnar á heitinu brjóti gegn 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga. Auk þess verði að telja notkunina brjóta gegn 2. mgr. 4. gr. sömu laga, enda séu vörumerki Isavia vel þekkt. Í 2. mgr. 4. gr. laganna segi að þrátt fyrir að ekki sé um eins eða svipaða vöru eða þjónustu að ræða, geti eigandi vörumerkis einnig bannað notkun þess fyrir annars konar vöru eða þjónustu ef vörumerkið sé vel þekkt hér á landi og notkunin hafi í för með sér misnotkun eða rýri aðgreiningareiginleika eða orðspor hins þekkta merkis.

Eins og áður hafi verið lýst sé ekki vafa bundið að KEFLAVÍK AIRPORT og KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT séu mjög þekkt vörumerki hér á landi. Ekki fáist betur séð en að tilgangur Húsbílaleigunnar með notkun á vörumerkjunum sé að nýta sér viðskiptavild Isavia og hafa þannig áhrif á eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins. Með notkun Húsbílaleigunnar á merkjunum sé orðspor Isavia jafnframt sett í hættu, enda hafi Isavia enga stjórn á því hvernig Húsbílaleigan standi að þjónustu sinni eða samskiptum þess við neytendur. Þá liggi fyrir að Isavia hafi þegar fengið sendar til sín kvartanir er lúti að þjónustu Húsbílaleigunnar.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 komi fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Í 15. gr. a sömu laga segi jafnframt að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hafi ekki rétt til er noti, eða reka atvinnu undir nafni sem gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur sé sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann eigi tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Í umræddu ákvæði felist almenn vernd auðkenna sem komi til fyllingar á vörumerkjavernd.

Með vísan til þess sem áður hafi komið fram um brot Húsbílaleigunnar á vörumerkjalögum verði að telja að notkun félagsins á heitinu „Keflavík Airport Car Rental“ brjóti jafnframt gegn umræddum ákvæðum. Þannig verði að telja ljóst að Húsbílaleigunni hafi mátt vera ljóst að notkun hennar á heitinu sé mjög villandi og til þess fallin að valda ruglingi hjá neytendum. Sé þess krafist að Neytendastofa grípi til aðgerða á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 og banni Húsbílaleigunni notkun á heitinu „Keflavík Airport Car Rental“ í atvinnustarfsemi sinni og notkun á léninu keflavikairportcarrental.is, sbr. 2. mgr. 21. gr. b umræddra laga.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Erindi Isavia var sent Húsbílaleigunni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 11. febrúar 2013.

Svar Húsbílaleigunnar barst Neytendastofu þann 5. mars 2013. Þar segir að í erindi Isavia komi nánar fram að hið opinbera hlutafélag telji sig eiga vörumerkjarétt að heitunum „Keflavíkurflugvöllur“, „Keflavík Airport“ og „Keflavík International Airport“ og vísi Isavia til þess að sá réttur byggist á notkun og skráningu hjá Einkaleyfastofunni. Samkvæmt erindinu eigi Isavia skráð merkið KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT hjá Einkaleyfastofunni og sé sú skráning frá 1. október 2009. Merkin KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR og KEFLAVÍK AIRPORT séu hins vegar ekki skráð vörumerki, en Isavia telji að um vel þekkt vörumerki sé að ræða og byggi á að notkun félagsins á þeim hafi skapað vörumerkjarétt.

Um eðli Isavia og hvernig félagið tengist Keflavíkurflugvelli sé það að segja að félagið sé eins og heitið beri með sér svokallað opinbert hlutafélag. Samkvæmt 2. málsl. 1. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, merki það félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, eigi að öllu leyti, beint eða óbeint. Isavia hafi verið stofnað 1. maí 2010 og félagið tekið við rekstri, eignum og skuldbindingum Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Frá árinu 1953 og til ársins 2006 hefði utanríkisráðuneytið haft með höndum öll umsvif íslenska ríkisins á Keflavíkurflugvelli og haft umsjón með samskiptum við bandaríska varnarliðið. Árið 2006 hafi skipan flugmála á Íslandi breyst með lögboðnum aðskilnaði flugleiðsöguþjónustu og flugvallarreksturs frá stjórnsýslu- og eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar. Nýtt opinber hlutafélag, Flugstoðir ohf., hafi tekið við rekstri íslenskra flugvalla og flugleiðsöguþjónustu utan Keflavíkurflugvallar í ársbyrjun 2007, en rekstur flugvallarins í Keflavík hafi verið settur inn í annað opinbert hlutafélag, Keflavíkurflugvöll ohf. Isavia hafi síðan orðið til við sameiningu Keflavíkurflugvallar ohf. og Flugstoða ohf.

Í erindi Isavia komi fram að starfsemi á Keflavíkurflugvelli hafi byrjað á árinu 1943 og virðist mega skilja þá athugasemd þannig að félagið telji sig hafa öðlast einkarétt á umræddum merkjum á grundvelli notkunar allar götur síðan. Eins og kunnugt sé hafi Ísland verið hernumið land þegar flugvöllurinn hafi verið byggður og frá upphafi og fram til ársins 2006 hafi þar verið umsvifamikil starfsemi á vegum bandaríska hersins sem tengist Isavia ekki. Fullyrða megi að fram til ársins 2006 hafi umsvif bandaríska varnarliðsins verið mun meiri en íslenska ríkisins á Keflavíkurflugvelli, en í september það ár hafi varnarliðið hætt starfsemi hér á landi. Notkun á staðarheitunum Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport þurfi að skoðast í þessu ljósi.

Stór hluti af starfsemi Isavia snúist um meðferð á opinberu valdi og starfsemin snúist ekki um hefðbundinn samkeppnisrekstur heldur rekstur á flugvöllum í ríkiseigu og flugumferðarstjórn. Í dag sé að finna margskonar starfsemi á Keflavíkurflugvelli sem tengist m.a. eignum gamla varnarliðsins, en þar séu t.d. Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, með aðsetur á fyrrum varnarsvæði bandaríska hersins, auk þess sem þar sé rekið stórt gagnaver Verne Global í gömlum byggingum sem hafi tilheyrt hernum. Þannig liggja fyrir að umfangsmikil starfsemi fari fram á Keflavíkurflugvelli sem tengist ekki Isavia eða flugi og þá sé ýmiskonar starfsemi að finna þar tengda fluginu, eins og hótél og bílaleigur, sem Isavia hafi ekkert með að gera. Staðarheitið Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport tengist allri þessari starfsemi.

Þegar litið sé til eðlis Isavia veki furðu að félagið vilji reyna að hindra venjuleg fyrirtæki í að auðkenna sig og tengja sig við starfsstöð með því að vilja slá eign sinni á svo víðtæk heiti sem erindið gangi út á.

Vörumerki verði að hafa sérkenni og aðgreiningarhæfi. Orðið Keflavík Airport eða Keflavíkurflugvöllur á íslensku sé samsett úr staðarheitinu Keflavík og nafnorðinu flugvöllur sem sé almennt heiti yfir svæði þar sem flugvélar lendi og hefji sig til flugs. Sé þannig um almennt heiti að ræða sem fyrst og fremst hafi skírskotun til svæðisins og hið samsetta heiti Keflavíkurflugvöllur sé miklu frekar staðarheiti heldur en heiti á einhverri ákveðinni starfsemi sem Isavia hafi með höndum. Til marks um það hafi staðarheitið Keflavíkurflugvöllur sérstakt póstnúmer (235), rétt eins og staðarheitið Keflavík og Njarðvík sem eins og Keflavíkurflugvöllur tilheyri Reykjanesbæ.

Í ákvörðun Neytendastofu nr. 40/2011 megi finna ákveðna samsvörun við þetta mál, en hún hafi snúist um kvörtun frá rekstraraðila Gistiheimilis Keflavíkur yfir firmanafninu Gistihús Keflavíkur og hafi m.a. verið byggt á því að ruglingshætta væri fyrir hendi. Varðandi ruglingshættu komi fram í niðurstöðu Neytendastofu að nafnið Gistiheimili Keflavíkur væri svo lýsandi fyrir starfsemi og staðsetningu beggja og svo almennt að vart fengist það skráð sem vörumerki, sbr. 13. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki, og gæti það því ekki notið einkaréttar. Yrðu fyrirtæki sem veldu almenn orð til auðkennis á starfsemi sinni að hlíta því að keppinautur notaði sömu eða lík

orð í auðkennum sínum. Með vísan til þess m.a. hafi Neytendastofa talið að ekki væri um brot gegn 5. gr. eða 15. gr. a laga nr. 57/2005 að ræða.

Isavia byggi erindi sitt á því að heitin Keflavíkurflugvöllur og Keflavík Airport séu vel þekkt vörumerki og af þeim sökum njóti þau verndar á grundvelli 2. mgr. 4. gr. laga um vörumerki. Fullyrði félagið í kvörtun sinni að nánast hver einasti Íslendingur þekki til þeirra, auk þess sem þau séu mjög vel þekkt erlendis.

Áður hafi verið vikið að því hvort heitin Keflavíkurflugvöllur og Keflavík Airport hafi nægjanlegt sérkenni og aðgreiningarhæfi, en einnig skipti máli hvort fólk almennt tengi þessi heiti við Isavia og hvort að Isavia teljist hafa notað heitin eitthvað frekar en mörg önnur fyrirtæki sem séu með starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Í 5. gr. laga um vörumerki komi fram að með notkun vörumerkis í atvinnustarfsemi sé m.a. átt við að:

1. merki er sett á vöru eða umbúðir hennar,
2. vara eða þjónusta auðkennd með merki er boðin til sölu, markaðssett eða markaðssetning undirbúin,
3. vara eða þjónusta auðkennd með merki er flutt inn eða út,
4. merki er notað í auglýsingum, bréfhausum eða á annan sambærilegan hátt.

Af ákvæði ofangreindrar 5. gr. laga um vörumerki megi ráða að það eðli heitisins Keflavíkurflugvöllur að vera aðallega staðarheiti komi í veg fyrir að vörumerkjaréttur teljist hafa stofnast fyrir hið opinbera hlutafélag á grundvelli notkunar. Starfsemi og eðli Isavia skipti og máli í þessu sambandi.

Í erindi Isavia sé byggt á því að notkun Húsbílaleigunnar á heitinu „Keflavík Airport Car Rental“ bjóði upp á hættu á ruglingi og telji Isavia að tilgangur Húsbílaleigunnar með notkun á heitinu sé að nýta sér viðskiptavild Isavia. Liggi fyrir að Isavia hafi fengið sendar kvartanir sem tengist þjónustu Húsbílaleigunnar.

Margdæmt sé að þeir sem velji sér almenn heiti á vörur sínar eða þjónustu verði að þola það að aðrir noti sömu eða lík heiti um sínar vörur eða þjónustu. Þetta viðhorf megi meðal annars sjá í áður reifaðri ákvörðun Neytendastofu nr. 50/2011. Heitið Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport hafi ekki afmarkaða skírskotun til einhverrar tilgreindrar starfsemi á vegum Isavia, eins og áður hafi verið vikið að. Sé orðinu Keflavíkurflugvöllur t.a.m. slegið inn í leit á ja.is birtist 48 niðurstöður og símanúmer hjá þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem séu með starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Sé m.a. um að ræða bílaleigur, hótél, verslanir í flugstöð Leifs Eiríkssonar, starfsemi flugfélaganna sem tengist flugvellingum og starfsemi sem tengist rekstri á fasteignum sem áður hafi tilheyrnt varnarliðinu, auk þess sem símanúmer tollgæslunnar birtist. Þetta staðfesti

vel eðli orðsins sem staðarheiti og ef Isavia yrði talið eiga einkarétt á orðinu yrði öllum þessum fyrirtækjum gert erfitt um vik að tengja heiti starfseminnar við staðsetningu hennar á flugvællinum. Hefði Isavia viljað aðgreina starfsemi sína á Keflavíkurlugvælli betur hefði félagið einfaldlega getað gefið henni eitthvert sérkennandi heiti.

Isavia vísi til þess að með notkun Húsbílaleigunnar á hinu umdeilda merki sé verið að nýta sér viðskiptavild Isavia. Í þessu sambandi verði að rifja upp að starfsemi Isavia fari ekki nema að litlu leyti fram á viðskiptalegum forsendum og felist starfsemi hins opinbera hlutafélags að hluta til í því að fara með opinbert vald, eins og áður hafi verið rakið. Það hljóti að teljast sérstakt að slíkt fyrirtæki telji sig geta sett öðrum fyrirtækjum ákveðnar skorður með vísan til þess að verið sé að misnota viðskiptavild eins og reynt sé að gera í þessu máli. Þá sé því haldið fram að ef einhver sérstök viðskiptavild tengist heitinu Keflavíkurlugvöllur eða Keflavík Airport verði hún ekki tengd við Isavia frekar en við þau fjölmörgu fyrirtæki sem séu á Keflavíkurlugvælli, enda tengi fólk heitið við staðinn frekar en einhverja tiltekna starfsemi þar.

Hvað sem líði skráningu merkisins KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT megi ljóst vera að um mjög veikt merki sé að ræða, en það sé samsett úr staðarheiti og tveimur mjög almennum nafnorðum sem saman myndi mjög takmarkað sérkenni. Mikla furðu vekur auk þess að merkið hafi fengist skráð og aðrar vörumerkjaskráningar Isavia á flugvallarnöfnum séu með nafni félagsins fremst í heitinu, sbr. t.d. merki nr. 81/2013 ISAVIA REYKJAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT, merki nr. 82/2013 ISAVIA AKUREYRI INTERNATIONAL AIRPORT og nr. 83/2013 ISAVIA EGILSSTAÐIR INTERNATIONAL AIRPORT. Þá megi gera ráð fyrir, miðað við það erindi sem nú liggja fyrir, að Isavia, eða forveri þess, hafi reynt að fá merkin „KEFLAVÍKURLUGVÖLLUR og KEFLAVÍK AIRPORT skráð þegar fyrstnefnda merkið hafi verið skráð á árinu 2009. Þar sem um svo veikt merki sé að ræða sé því hafnað að skráningin KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT komi í veg fyrir að nota megi merkið Keflavík Airport eða Keflavíkurlugvöllur, en fyrir liggja að Húsbílaleigan hafi ekki notað hið skráða heiti. Þá sé því jafnframt hafnað að heiti Keflavík Airport njóti verndar á grundvelli skráningar merkisins KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT og vísist í því sambandi til hversu veikt hið skráða merki sé og til þess fyrir hvað orðin Keflavík Airport standa, sbr. það sem áður hafi komið fram.

Til marks um hversu veikt merkið KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT sé megi ennfremur benda á að hjá Einkaleyfastofunni sé skráð vörumerkið DUTYFREE KEFLAVÍK AIRPORT nr. 329 og hafi það verið skráð þann 3. mars 2008 eða áður en merkið KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT hafi verið skráð. Eigandi merkisins sé Fríhöfnin ehf.

Með vísan til framangreinds sé því hafnað að Húsbílaleigan hafi brotið gegn vörumerkjaréttindum Isavia þannig að í bága farið við lög nr. 45/1997, um vörumerki eða lög nr.

57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Sé öllum kröfum Isavia sem byggja á slíkri ætlan jafnframt mótmælt.

## 2.

Bréf Húsbílaleigunnar var sent Isavia til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. mars 2013. Svar Isavia er dags. 22. mars 2013. Þar segir að í bréfi Húsbílaleigunnar sé vísað til þess að Isavia sé opinbert hlutafélag og það gefið í skyn að af þeim sökum sé vörumerkjaréttur þess takmarkaðri en annarra félaga í samkeppnisrekstri. Skuli það tekið fram að skv. 1. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 geti einstaklingar og lögaðilar öðlast einkarétt á vörumerki skv. ákvæðum laganna. Í athugasemdum við 1. gr. í frumvarpi því er varð að vörumerkjalögum sé sérstaklega tekið fram að réttur til vörumerkja, sem notuð séu í atvinnustarfsemi, sé óháður formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað sé með gegn endurgjaldi. Sú staðreynd að Isavia sé opinbert hlutafélag og fari að einhverju leyti með opinbert vald breyti þannig ekki þeirri staðreynd að félagið eigi vörumerkjarétt að orðmerkinu KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT, á grundvelli skráningar, sem og að merkjunum KEFLAVÍK AIRPORT og KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR á grundvelli notkunar.

Þá fáist ekki séð hvaða máli það skipti hvernig fyrirkomulagi Keflavíkurflugvallar hafi verið háttað á árum áður. Það sem skipti máli sé að merkin hafi verið notuð í öll þessi ár og á grundvelli slíkrar notkunar séu merkin orðin vel þekkt í skilningi vörumerkjalaga.

Í bréfi Húsbílaleigunnar komi fram að margskonar starfsemi sé að finna á Keflavíkurflugvelli, þ.á.m. Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, gagnaver Verne Holdings ehf. o.s.frv. Þetta sé hins vegar misskilningur. Keflavíkurflugvöllur (*e. Keflavik Airport / Keflavik International Airport*) sé heiti á flugvelli Isavia en ekki staðarheiti sem tengist annari starfsemi. Keflavíkurflugvöllur sé þannig ekki sér póstnúmer, eins og haldið sé fram í bréfi Húsbílaleigunnar. Póstnúmerið 235 sem vísað hafi verið til í bréfi Húsbílaleigunnar tilheyri Reykjanesbæ. Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs sé staðsettur við Grænásbraut 910, 235 Reykjanesbæ og Verne Holdings ehf. við Valhallarbraut 868, 235 Reykjanesbæ. Þessir lögaðilar hafi þannig enga tengingu við Keflavíkurflugvöll og ekki ástæðu til að tengja sig við hann.

Á Keflavíkurflugvelli, í starfsstöð Isavia, sé hins vegar að finna fjöldann allan af fyrirtækjum. Isavia geri að sjálfsgögðu ekki athugasemd við að þessi fyrirtæki, sem hafi tengingu við Keflavíkurflugvöll, noti vörumerki Isavia til upplýsinga fyrir neytendur um staðsetningu sína. Isavia geri hins vegar alvarlegar athugasemdir við að fyrirtæki noti vörumerki félagsins með öðrum hætti og án leyfis, þ.á.m. í firmaheiti sínu eða til auðkenningar á rekstri sínum.



Ef vörumerkinu KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR sé slegið inn á ja.is komi 47 niðurstöður. Þau fyrirtæki sem þar sé að finna eigi það sameiginlegt að vera staðsett á starfsstöð Isavia á Keflavíkurflugvelli. Þessi fyrirtæki noti hins vegar ekki vörumerki félagsins í firmaheiti sínu eða með öðrum hætti í markaðssetningu með þeim hætti að Isavia telji að um brot á vörumerkjarétti sínum sé að ræða. Það skuli tekið fram að Húsbílaleigan sé ekki staðsett í starfsstöð Isavia á Keflavíkurflugvelli. Húsbílaleigan sé staðsett við Klettatröð 6, 235 Reykjanesbæ.

Í bréfi Húsbílaleigunnar sé vísað til þess að vörumerki verði að hafa sérkenni og aðgreiningarhæfi. Tekið sé fram að orðin Keflavíkurflugvöllur, eða Keflavík Airport, séu samsett úr staðarheitinu Keflavík og nafnorðinu flugvöllur. Af þeim sökum telji Húsbílaleigan vörumerkið almennt heiti og vísað sé í ákvörðun Neytendastofu nr. 50/2011 (*Gistiheimili Keflavíkur*) í því sambandi. Í því máli hafi Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu að nafnið „Gistiheimili Keflavíkur“ væri svo almennt að það fengist vart skráð sem vörumerki og að ekki væri um brot gegn 5. eða 15. gr. a laga nr. 57/2005 að ræða þar sem fyrirtæki sem veldu almenn orð til auðkennis á starfsemi sinni yrðu að hlíta því að keppinautar notuðu sömu eða lík orð í auðkennum sínum.

Í þessu sambandi skuli í fyrsta lagi á það bent að vörumerkið KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT sé skráð vörumerki. Einkaleyfastofan hafi þannig nú þegar skorið úr um það að merkið njóti sérkennis. Þegar af þeirri ástæðu sé fordæmisgildi umræddrar ákvörðunar Neytendastofu takmarkað. Það sama verði að teljast eiga við um merkin KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR sem sé íslensk þýðing á vörumerkinu sem og KEFLAVÍK AIRPORT.

Jafnvel þó svo að Keflavíkurflugvöllur/Keflavík Airport/Keflavík International Airport hafi mögulega á einhverjum tímupunkti ekki talist fullnægja skilyrðum vörumerkjalaga um sérkenni sé ljóst að merkin hafi öðlast slík sérkenni með notkun, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 13. gr. vörumerkjalaga.

Þá sé auk þess ástæða til að benda á nýlegan dóm Hæstaréttar Íslands nr. 538/2012 í máli Flugleiðahótel ehf. og H 57 – Flugleiðahótel Keflavíkur ehf. gegn Hótel Keflavík ehf., frá 28. febrúar 2013. Í því máli hafi verið deilt um það hvort notkun á heitunum „Icelandair Hotel Keflavík“ og „Icelandair Hótel Keflavík“ bryti gegn vörumerkjarétti Hótel Keflavíkur ehf. eða lögum nr. 57/2005. Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að Hótel Keflavík ehf. hefði ekki sýnt fram á að heitin „Hotel Keflavík“ og „Hótel Keflavík“ hefðu náð slíkri markaðsfestu að skilyrði væru til að skrá þau sem vörumerki. Hæstiréttur hafi hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að notkun á heitunum „Icelandair Hotel Keflavík“ og „Icelandair Hótel Keflavík“ hefði brotið gegn Hótel Keflavík ehf. með ólögumætum hætti á grundvelli 2. málsl. 15. gr. a laga nr. 57/2005. Vísað hafi verið til þess að Hótel Keflavík ehf. hefði notað auðkennin „Hótel Keflavík“ og „Hotel Keflavík“ í mörg ár og hafi gögn málsins borið með sér að nokkur

hætta væri fyrir hendi að neytendur rugluðu saman hótélunum tveimur. Þannig megi sjá að Hæstiréttur Íslands hefði talið notkun aðila á auðkennum þriðja aðila, sem notað hefði slík auðkenni í mörg ár, fela í sér brot gegn lögum nr. 57/2005, jafnvel þó svo að viðkomandi hefði ekki öðlast vörumerkjarétt að auðkennunum. Sé þessi dómur fordæmisgefandi í því máli sem hér sé til umfjöllunar auk þess sem Isavia byggji rétt sinn á fyrirliggjandi vörumerkjarétti sínum.

Í bréfi Húsbílaleigunnar sé vísað til þess að skoða verði hvort Isavia hafi notað vörumerkin KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR eða KEFLAVÍK AIRPORT eitthvað meira en önnur fyrirtæki sem staðsett séu á Keflavíkurflugvelli. Keflavíkurflugvöllur sé heiti á starfsstöð Isavia, ekki póstnúmer eða heiti á öðru og stærra landssvæði eins og haldið sé fram í bréfi Húsbílaleigunnar. Þar að auki eigi Isavia skráð vörumerkið KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT. Þessi röksemdarfærsla Húsbílaleigunnar gangi því ekki upp.

Þá sé í bréfi Húsbílaleigunnar vísað til 5. gr. vörumerkjalaga og það gefið í skyn að Isavia noti ekki vörumerkin í atvinnuskyni í skilningi laganna heldur séð aðeins um staðarheiti að ræða. Isavia sé hins vegar í beinum samkeppnisrekstri og komi samkeppnin aðallega erlendis frá, t.d. frá London Heathrow og Kaupmannahafnarflugvelli (Kastrup). Í þeim samkeppnisrekstri séu vörumerkin notuð mun fremur en firmanafn Isavia. Ef vefsíður Isavia, kefairport.is og keflavikurflugvöllur.is, sé skoðaðar megi jafnframt sjá hvernig vörumerki Isavia séu notuð.

Einnig sé í bréfi Húsbílaleigunnar vísað til þess að í starfsemi Isavia felist að hluta til meðferð opinbers valds og þar af leiðandi skuli félagið ekki hafa heimild til þess að takmarka aðra í að nota vörumerki þess. Með vísan til framangreinds sé þessari málsástæðu alfarið hafnað. Þá sé vísað til fyrri bréfa varðandi umfjöllun um ruglingshættu á milli vörumerkja Isavia og þess heitis sem Húsbílaleigan reki bílaleigu sína undir, þ.e. Keflavík Airport Car Rental.

Í bréfi Húsbílaleigunnar sé vísað til þess að gera megi ráð fyrir að Isavia, eða forveri þess, hafi reynt að fá skráð vörumerkin KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR og KEFLAVÍK AIRPORT. Þessar ályktanir séu úr lausu lofti gripnar auk þess sem vert sé að minna á að vörumerkjaréttur geti bæði stofnast á grundvelli skráningar og á grundvelli notkunar, sbr. 3. gr. vörumerkjalaga.

Að öðru leyti sé vísað til fyrra bréfs Isavia.

### 3.

Bréf Isavia var sent Húsbílaleigunni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. mars 2013. Svar Húsbílaleigunnar er dags. 12. apríl 2013. Þar segir að Isavia geri athugasemdir við það að Húsbílaleigan hafi í fyrri bréfi gefið í skyn að vörumerkjaréttur hins opinbera hlutafélags væri takmarkaðri en ella vegna eðlis félagsins.

Ekkert slíkt hafi verið gefið í skyn, en umfjöllun um eðli og sögu Isavia sé nauðsynleg til að átta sig á því hvernig heitin Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport hafi verið notuð og hvernig hið opinbera hlutafélag tengist þeirri notkun. Vörumerkjaréttur geti orðið til á grundvelli notkunar en þá þurfi sú notkun að tengjast þeim sem tilkall geri til réttarins sérstaklega og heiti eða nafn þurfi einnig að hafa verið notað sem vörumerki en ekki sem t.d. staðarheiti, sbr. t.d. orðalag 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um vörumerki um að merki þurfi að hafa verið notað „fyrir vöru eða þjónustu“. Ef heiti hafi verið notað af mörgum kunnri það að valda því að það teljist ekki hafa nægilegt sérkenni, en byggt sé á því af hálfu Húsbílaleigunnar að hin umdeildu heiti tengist bæði í nútíð og þátíð mörgum fleirum en Isavia og að þau hafi verið notuð sem staðarheiti.

Það sé enginn misskilningur að margskonar starfsemi sé að finna á Keflavíkurflugvelli aðra en þá sem tengist Isavia og sú staðreynd að flugvöllurinn sjálfur gangi undir þessu nafni breyti ekki því að heitið hafi víðari skírskotun. Það skuli fullyrt að Keflavíkurflugvöllur sé í huga flestra heiti á ákveðnu svæði á Miðnesheiði sem sé meira en bara flugvöllurinn. Allt gamla varnarsvæðið hafi þannig í gegnum tíðina verið kallað Keflavíkurflugvöllur og sá hluti Reykjanesbæjar sé sérstakt pósthfang (235), hvað sem líði þeirri skoðun Isavia að ekki sé um sérstakt póstnúmer að ræða vegna þess að númerið „tilheyri“ Reykjanesbæ.

Í bréfi Isavia komi raunar fram góð staðfesting á því að Keflavíkurflugvöllur sé staðarheiti, en þar sé tekið fram að á Keflavíkurflugvelli sé að finna fjöldann allan af fyrirtækjum. Kveðst Isavia ekki gera athugasemdir við að þessi fyrirtæki „sem hafa tengingu við Keflavíkurflugvöll“ noti vörumerki Isavia til upplýsinga fyrir neytendur um staðsetningu sína. Isavia geri hins vegar alvarlegar athugasemdir við að fyrirtæki noti vörumerki þess með öðrum hætti og án leyfis, t.d. í firmaheiti eða til auðkenningar á rekstri sínum.

Það hljóti að vekja furðu að Isavia haldi því fram að Keflavíkurflugvöllur sé ekki staðarheiti, en viðurkenni samt sem áður að nauðsynlegt sé fyrir fyrirtæki á Keflavíkurflugvelli að nota heitið til að upplýsa neytendur um staðsetningu sína. Af sama meidi sé umfjöllun um leitarniðurstöður af ja.is, en Húsbílaleigan hafi áður bent á hvernig eðli orðsins Keflavíkurflugvöllur sem staðarheiti birtist í þeim. Þá megi til viðbótar þessu benda á að Keflavíkurflugvöllur hafi lengi vel verið sérstakt lögregluumdæmi, þar sem sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli hafi ráðið ríkjum. Ljóst megi vera að heiti embættisins hafi vísað í staðarheiti, en ekki einhvern rekstur á vegum Isavia eða forvera þess. Hefði það væntanlega þótt heldur lélegur brandari ef því hefði verið haldið fram að heiti embættisins bryti gegn einhverjum vörumerkjaréttindum.

Isavia bendi réttilega á að vörumerkið KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT sé skráð. Isavia telji að jafnvel þó að heitin Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport hafi ekki uppfyllt kröfur vörumerkjalaga um sérkenni á einhverjum tímapunkti sé ljóst að heitin hafi öðlast slík sérkenni með notkun. Ekki sé ljóst hvert sé verið að fara með þessari staðhæfingu, enda liggi

alveg fyrir að notkunin á heitunum hafi einmitt leitt til þess að þau séu ekki og hafi aldrei verið sérstaklega tengd við starfsemi Isavia frekar en ýmsa aðra þjónustu á svæði því sem kallað sé Keflavíkurflugvöllur.

Í bréfi Isavia sé bent á dóm Hæstaréttar í máli nr. 538/2012, Flugleiðahótel ehf. og H 57 – Flughótel Keflavík ehf. gegn Hótel Keflavík ehf. Isavia bendi réttilega á að í málinu hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að varnaraðili hefði ekki verið talinn hafa sýnt fram á að heitin Hótel Keflavík og Hotel Keflavik hefðu öðlast slíka markaðsfestu að skilyrði væri til að skrá þau sem vörumerki hefði notkun sóknaraðila á heitunum Icelandair Hotel Keflavik og Icelandair Hótel Keflavík brotið gegn góðum viðskiptaháttum, sbr. 2. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005, þar sem varnaraðili hefði notað sín heiti í fullum rétti í mörg ár og gögn málsins bæru með sér að nokkur hætta væri fyrir hendi á að neytendur rugluðu saman hótelnunum tveimur. Telur Isavia framangreindan dóm hafa fordæmisgildi í máli því sem um er fjallað nú.

Húsbílaleigan beri ekki á móti því að horfa megi til framangreinds dóms í þessu máli, en þó ekki með þeim hætti sem Isavia geri. Í máli Hótel Keflavíkur hafi ekki verið um það deilt að varnaraðili í Hæstarétti hefði notað heitin lengi sem auðkenni fyrir hótélrekstur sinn og að það hefði enginn annar gert. Í tilviki staðarheitisins Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport sé einfaldlega um það að ræða að það hafi verið notað mjög lengi sem nafn eða heiti á ákveðnu svæði og neytendur tengja þessi heiti ekkert sérstaklega við rekstur Isavia.

Í fyrra bréfi Húsbílaleigunnar hafi því verið haldið fram að líklegt væri að Isavia eða forveri þess hefði reynt að fá heitin Keflavíkurflugvöllur og Keflavík Airport skráð sem vörumerki þegar KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT hafi verið skráð á árinu 2009. Isavia kveði þessar athugasemdir úr lausu lofti gripnar, en neiti þessu þó ekki. Tilgangur Húsbílaleigunnar með því að setja fram þessa athugasemd hafi ekki síst verið sú að skora á Isavia að upplýsa um þetta, enda séu þetta upplýsingar sem varpi ákveðnu ljósi á málið og þær liggi ekki á lausu. Viðbrögð Isavia hljóti að verða túlkuð þannig að umsókn um skráningu umræddra heita hafi í reynd verið hafnað, sem samræmist því að staðarheiti þessi uppfylli ekki kröfur vörumerkjalaga til skráningar. Þá segi aðrar vörumerkjaskráningar Isavia, sem minnst sé á í fyrra bréfi, sömu sögu.

Með vísan til alls framangreinds og fyrra bréfs Húsbílaleigunnar til Neytendastofu séu kröfur félagsins ítrekaðar og öllum kröfum Isavia jafnframt mótmælt.

#### 4.

Bréf Húsbílaleigunnar var sent Isavia til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 18. apríl 2013, og tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi upptalning á gögnum málsins.

## 5.

Með tölvubréfi Isavia, dags. 8. maí 2013, taldi félagið nauðsynlegt að koma að frekari gögnum og athugasemdum í málinu. Féllst Neytendastofa á þá beiðni. Í tölvubréfinu kom fram að Isavia hefði ekki óskað eftir skráningum á vörumerkjum sem hafi verið hafnað eins og haldið hafi verið fram af Húsbílaleigunni. Meðfylgjandi tölvubréfinu voru gögn sem sýndu fram á slíkt. Þá var talin ástæða til að áréttta að Isavia ætti skráð tvö vörumerki með heitinu KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR.

## 6.

Tölvubréf Isavia, ásamt fylgigögnum, var sent Húsbílaleigunni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 21. maí 2013. Svar Húsbílaleigunnar er dagsett 28. maí 2013. Þar kemur fram að í tölvubréfi Isavia sé vísað til þess að því hafi verið haldið fram af Húsbílaleigunni að Isavia hafi reynt að fá heitin Keflavíkurflugvöllur og Keflavík Airport skráð sem vörumerki. Með tölvubréfinu sé upplýst með gögnum frá Einkaleyfastofunni að svo hafi ekki verið.

Húsbílaleigan telji þessar upplýsingar í raun engu breyta í málinu, enda þýði þetta að ekki hafi reynt á álitaefnið hjá Einkaleyfastofunni. Annað hefði auðvitað átt við ef fyrir lægi að Einkaleyfastofan hefði hafnað skráningu en Húsbílaleigan telji öruggt að það hefði orðið niðurstaðan hefði reynt á skráningarhæfið. Það að skráning hafi ekki verið reynd bendi hugsanlega til þess að hið opinbera hlutafélag hafi með stöðuna þannig að heitin væru ekki skráningarhæf vegna eðlis þeirra sem staðarheita.

Með vísan til framangreinds og fyrri bréfa Húsbílaleigunnar til Neytendastofu voru kröfur félagsins ítrekaðar og öllum kröfum Isavia jafnframt mótmælt.

## 7.

Bréf Húsbílaleigunnar var sent Isavia til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 7. júní 2013, og tilkynnt öðru sinni að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi upptalning á gögnum málsins.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu er um að ræða kvörtun Isavia vegna notkunar Húsbílaleigunnar á heitinu Keflavík Airport Car Rental. Taldi Isavia notkunina brjóta gegn vörumerkjaréttindum sínum og fela í sér óréttmæta viðskiptahætti, sbr. 5. og 15. gr. a laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Isavia eigi vörumerkin KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR, KEFLAVÍK

AIRPORT og KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT bæði á grundvelli notkunar og skráningar hjá Einkaleyfastofunni. Nái skráningin til þess þjónustuflokks sem bílaleiga falli undir. Þá séu vörumerkin vel þekkt hér á landi sem og erlendis og njóti sérkennis. Isavia telji notkun Húsbílaleigunnar á heitinu Keflavík Airport Car Rental hafa valdið ruglingi hjá neytendum sem telji Isavia standa að baki bílaleigunni. Húsbílaleigan hafi jafnframt haldið úti vefsíðunni keflavikairportcarrental.is en Isavia eigi skráð lénin keflavikairport.is og kefairport.is. Krefst Isavia þess að Neytendastofa grípi til aðgerða og banni Húsbílaleigunni notkun á heitinu Keflavík Airport Car Rental í atvinnustarfsemi sinni og notkun á léninu keflavikairportcarrental.is, sbr. 2. mgr. 21. gr. b umræddra laga.

Af hálfu Húsbílaleigunnar er því hafnað að brotið hafi verið gegn vörumerkjarétti Isavia eða ákvæðum laga nr. 57/2005. Orðið Keflavík Airport, eða Keflavíkurflugvöllur á íslensku, sé samsett úr staðarheitinu Keflavík og nafnorðinu flugvöllur sem sé almennt heiti yfir svæði þar sem flugvélar lendi og hefji sig til flugs. Sé þannig um almennt heiti að ræða sem fyrst og fremst hafi skírskotun til svæðisins og hið samsetta heiti Keflavíkurflugvöllur sé frekar staðarheiti heldur en heiti á einhverri ákveðinni starfsemi sem Isavia hafi með höndum. Starfsemi Isavia fari ekki nema að litlu leyti fram á viðskiptalegum forsendum og ekki í samkeppni við Húsbílaleiguna. Þá sé því jafnframt hafnað að heiti Keflavík Airport njóti verndar á grundvelli skráningar merkisins KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT og vísist í því sambandi til hversu veikt hið skráða merki sé og til þess fyrir hvað orðin Keflavík Airport standa.

## 2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í V. kafla er að finna ákvæði sem fjalla um háttsemi milli fyrirtækja. Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á.

Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggst að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. málsl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslíð. Þessi málslíður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Hvað varðar skráningu á hinu umdeilda léni má sjá að lénið keflavíkairportcarrental.is hefur verið skráð hjá ISNIC 23. febrúar 2011 á nafni forsvarsmanns Húsbílaleigunnar. Hið umkvartaða lén er þ.a.l. skráð með þar til bærum hætti hjá ISNIC. Þá notast Húsbílaleigan við heitið Keflavík Airport Car Rental en á það þó ekki skráð hjá fyrirtækjaskrá. Isavia á hins vegar skráð vörumerkið KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT hjá Einkaleyfastofunni. Neytendastofa telur báða aðila því eiga rétt til auðkenna sinna. Samkvæmt því kemur 2. málsl. 15. gr. a til álita í málinu.

### 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort fyrirtækin séu í samkeppni og hvort þau séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður. Ef litið er til orðasambandsins Keflavík International Airport þá kemur eflaust Flugstöð Leifs Eiríkssonar upp í huga Íslendinga. Þá fær Neytendastofa ekki séð að orðasambandið vísi sérstaklega til starfsemi fyrirtækjanna þar sem annað hefur með höndum rekstur flugvallar en hitt bílaleigu. Að mati Neytendastofu er orðasambandið hvorki lýsandi né einkennandi fyrir starfsemi fyrirtækjanna heldur vekur það fremur hugmyndir hjá einstaklingum um ákveðið svæði, staðsetningu eða byggingu. Er orðasambandið því almennt og lýsir ekki neinni starfsemi sérstaklega.

Í erindi Isavia er því haldið fram að ruglingur vegna heitisins sé allnokkur. Þannig berist Isavia símtöl og póstsendingar sem ætlaðar séu Húsbílaleigunni. Þó veruleg líkindi séu með vörumerki Isavia og léni Húsbílaleigunnar fær Neytendastofa ekki séð að slíkur ruglingur sé þess eðlis að neytendur komi til með að eiga viðskipti við rangan aðila. Þó fyrirtækin starfi á sama markaðssvæði eru þau á engan hátt í samkeppni. Þá verður að líta til þess að starfsemi Isavia

beinist ekki að neytendum, nema þá að mjög takmörkuðu leiti. Annars vegar snýr starfsemi Isavia að rekstri flugvallar og hins vegar snýr starfsemi Húsbílaleigunnar að neytendum sem vilja leigja bíla.

Að öllu framangreindu virtu er að mati Neytendastofu ekki til staðar ruglingshætta skv. 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sem gefur tilefni til að banna Húsbílaleigunni notkun á heitinu Keflavík Airport Car Rental eða léninu keflavikairportcarrental.is.

#### **IV. Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 30. júlí 2014

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir